

Föstudaginn 17. nóvember 1989.

Nr. 416/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni,
Ragnari Kjartanssyni,
Páli Braga Kristjónssyni,
Árna Árnasyni,
Sigurþóri Charles Guðmundssyni,
Þórði Hafsteini Hilmarssyni,
Helga Magnússyni,
Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni,
Lárusi Jónssyni,
Ólafi Helgasyni,
Axel Kristjánssyni,
Inga Randveri Jóhannssyni,
Valdimar Indriðasyni,
Arnbirni Kristinssyni,
Garðari Sigurðssyni,
Kristmanni Karlssyni og
Jóhanni Sigurði Einvarðssyni.

Kærumál. Ákæra. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Kærður er úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. október sl., þar sem hafnað var frávísunarkröfum í máli þessu. Höfðu fimm af þeim sautján mönnum, sem ákærðir eru í málinu, krafist frávísunar. Þeir eru Björgólfur Guðmundsson, Ragnar Kjartansson, Páll Bragi Kristjónsson, Þórður Hafsteinn Hilmarsson og Helgi Magnússon. Með heimild í 124. gr., 3. mgr., laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, og að fengnu leyfi sérstaks ríkissaksóknara, sem fer með málið, kærðu þessir fimm menn úrskurðinn sama dag og hann var kveðinn upp. Skipaðir verjendur þeirra hafa sent Hæstarétti athugasemdir samkvæmt 174. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974. Hið sama hefur sérstakur ríkissaksóknari gert. Að ósk kærenda og eftir

ákvörðun Hæstaréttar samkvæmt heimild í 31. gr., 2. mgr., laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, var málið flutt munnlega. Aðrir ákærðir en þeir fimm menn, sem nefndir voru, hafa ekki látið sig kærsmål þetta varða.

Af hálfu kærðanna Björgólfs Guðmundssonar og Páls Braga Kristjónssonar er þess krafist, að ákæru verði vísað frá sakadómi. Af hálfu kærðans Ragnars Kjartanssonar er krafist frávísunar málsins í heild frá sakadómi, en til vara, að því er varðar ákæru á hendur honum. Af hálfu kærðans Þórðar Hafsteins Hilmars-sonar er krafist frávísunar frá sakadómi, að því er hann varðar. Af hálfu kærðans Helga Magnússonar er krafist frávísunar máls-
ins frá sakadómi, aðallega í heild, en til vara, að I. og III. kafla ákæru verði vísað frá. Verjendur allra kærðenda krefjast málsvarnar-
launa.

Sérstakur ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úr-
skurðar að niðurstöðu til.

Af hálfu kærðanna allra er því haldið fram, að stórfelldir gallar séu á þeirri rannsókn, sem fram hefur farið í málinu. Telja þeir óheimilt eftir 115. gr. laga nr. 74/1974 að reisa ákæru á henni. Jafnframt halda þeir því fram, að úr þessu verði ekki bætt fyrir sakadómi. Þá er því haldið fram af hálfu kærðanna Ragnars, Páls Braga og Helga, að ákærunum beri að vísa frá dómi, þar sem við útgáfu þeirra hafi að verulegu leyti verið stuðst við rannsókn undir stjórn manns, sem að lögum hafi ekki mátt um málið fjalla.

Bú Hafskipa hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 6. desember 1985. Hinn 6. maí 1986 rituðu tveir skiptaráðendur í Reykjavík, sem fóru þá með skiptin, ríkissaksóknara bréf, þar sem vísað var til 88. gr., 4. tl., gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, og sagt, að tilteknir menn kunni að hafa gerst sekir um refsiverða háttsemi. Rannsóknarlögregla ríkisins hóf rannsókn málsins þá þegar. Með tveimur ákærum, sem ríkissaksóknari gaf út 9. apríl 1987, voru mál höfðuð gegn ellefu mönnum. Með dómum Hæstaréttar 4. júní og 24. júlí s.á. var ákærunum vísað frá sakadómi vegna skyldleika ríkissaksóknara og manns, sem sæti átti í bankaráði Útvegsbanka Íslands. Sérstakur ríkissaksóknari var skipaður til að fara með málið 6. ágúst 1987. Gekkst hann fyrir því, að rannsókn var tekin upp að nýju. Gaf hann síðan út tvær ákæru í málinu, 11. og 23. nóvember 1988, en mál

samkvæmt þeim voru síðar sameinuð. Fyrir Hæstarétt hafa í þessu kærumáli verið lögð fram sakargögn aðalmálsins, samtals 5148 blaðsíður.

Eins og mál þetta lá fyrir, þegar ákæru voru út gefnar síðla árs 1988, var sérstökum ríkissaksóknara heimilt eftir 115. gr. laga nr. 74/1974 að gefa út ákærurnar í málinu. Er ekki til úrlausnar nú, hvernig haga skuli málsmeðferð fyrir sakadómi í einstökum atriðum.

Af rannsóknargögnum verður ráðið, að sérstakur ríkissaksóknari hefur tekið sjálfstæða afstöðu til þess, hvernig rannsókn skuli haga. Leiðir það því ekki til frávisunar, að lögð eru fram gögn úr rannsókn, sem framkvæmd var undir stjórn annars manns. Skiptir ekki máli um þetta atriði, þó að sá maður hafi ekki mátt gefa út ákæru, eins og fyrr segir.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að staðfesta niðurstöðu sakadóms.

Ákvörðun um málsvarnarlaun bíður væntanlegs héraðsdóms.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. október 1989.

Ár 1989, miðvikudag 25. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurinum Sverri Einarssyni sem dómsformanni og Arngrími Ísberg og Ingibjörgu Benediktsdóttur sem meðdómendum, kveðinn upp úrskurður um frávisunarkröfur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Björgólfi Guðmundssyni, Ragnari Kjartanssyni, Páli Braga Kristjónssyni, Árna Árnasyni, Sigurþóri Charles Guðmundssyni, Þórði Hafsteini Hilmarssyni, Helga Magnússyni, Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni, Axel Kristjánssyni, Inga Randveri Jóhannssyni, Valdimar Indriðasyni, Arnbirni Kristinssyni, Garðari Sigurðssyni, Kristmanni Karlssyni og Jóhanni Sigurði Einvarðssyni, en kröfurnar voru teknar til úrlausnar 17. þ.m. að undangengnum málf lutningi.

Með ákæru sérstaks ríkissaksóknara, dagsettri 11. nóvember sl., er höfð að opinbert mál fyrir dómnum á hendur sjö fyrrverandi starfsmönnum og löggiltum endurskoðanda Hafskipa hf. vegna starfa þeirra hjá fyrirtækinu, sem lýst var gjaldþrota 6. desember 1985, þeim Björgólfi Guðmundssyni,

Ragnari Kjartanssýni, Páli Braga Kristjónssýni, Árna Árnasýni, Sigurþóri Charles Guðmundssýni, Þórði Hafsteini Hilmarssýni og Helga Magnússýni, þremur fyrrverandi bankastjórum, aðstoðarbankastjóra og endurskoðanda Útvegsbanka Íslands, þeim Halldóri Ágústi Guðbjarnasýni, Lárusi Jónssýni, Ólafi Helgasýni, Axel Kristjánsýni og Inga Randverri Jóhannssýni, og fjórum fyrrverandi bankaráðsmönnum í Útvegsbanka Íslands, þeim Valdimar Indriðasýni, Arnbirni Kristinssýni, Garðari Sigurðssýni og Kristmanni Karlssýni.

Þá höfðar sérstakur ríkissaksóknari einnig mál fyrir dóminum með ákæru, dagsettri 23. nóvember sl., á hendur Jóhanni Sigurði Einvarðssýni, fyrrverandi bankaráðsmanni í Útvegsbankanum, en vegna setu hans á Alþingi og þar sem leyfi þingdeildar hans fyrir málshöfðun á hendur honum lá ekki fyrir, þegar fyrri ákæran var gefin út, var hann ákærður síðar, þegar fyrir lá samþykki efri deildar Alþingis fyrir málshöfðun á hendur honum, en honum er gefið hið sama að sök og öðrum fyrrverandi bankaráðsmönnum.

Dómurinn hefur að kröfu sækjanda málsins sameinað báðar ákærurnar í því skyni að dæma þær sem eitt mál.

Verður nú gerð í stuttu máli grein fyrir sakargiftum málsins og þá fyrst samkvæmt fyrri ákæru, þar sem sakargiftum er lýst í X köflum.

Samkvæmt I. kafla ákærunnar er ákærðu Björgólfi, Helga, Páli Braga og Ragnari gefin að sök rangfærsla skjala, fjársvik og brot á lögum um hlutafélög og um löggilta endurskoðendur, allt brot tengd reikningskilum Hafskipa hf. 31. ágúst 1984.

Í II. kafla ákærunnar eru ákærðu Björgólfi, Ragnari og Páli Braga gefin að sök brot á lögum um hlutafélög, tengd áætlunum um rekstrarafkomu Hafskipa hf. á tímabilinu desember 1984 til loka febrúar 1985.

III. kafli ákærunnar fjallar um rangfærslu skjala og brot á lögum um hlutafélög og um löggilta endurskoðendur, allt brot tengd ársreikningi Hafskipa hf. fyrir árið 1984. Koma hér við sögu ákærðu Björgólfur, Helgi og Ragnar aðallega, en einnig ákærðu Sigurþór Charles og Þórður Hafsteinn.

Ákærðu Björgólfi, Ragnari og Páli Braga er samkvæmt IV. kafla ákærunnar gefinn að sök fjárráttur af sérstökum tékkareikningum og bókhaldsóregla, en ákærða Helga hylming í sambandi við brot hinna þriggja.

Í V. kafla ákærunnar er ákærða Páli Braga gefið að sök skjalafals með notkun falsaðra reikninga í bókhaldi Hafskipa hf.

VI. kafli ákærunnar fjallar um ýmis fjárráttarbrott ákærða Björgólfs.

VII. kafli fjallar um skilasvik ákærðu Björgólfs, Ragnars og Árna.

Samkvæmt VIII. kafla ákærunnar eru ákærðu Halldóri Ágústi, Lárusi, Ólafi og Axel gefin að sök brot í opinberu starfi í störfum sínum hjá Útvegsbanka Íslands vegna viðskipta bankans við Hafskip hf., en ákærðu,

hinir fyrstnefndu, voru bankastjórar, en hinn síðastnefndi var fyrst forstöðumaður lögfræðingadeildar bankans, en síðar aðstoðarbankastjóri.

Í IX. kafla ákærunnar er fjallað um ætluð brot ákærðu Valdimars, Arnbjörns, Garðars og Kristmanns í opinberu starfi með saknæmri vanrækslu við yfirstjórn Útvegsbankans og við eftirlit með starfsemi hans og þá í sambandi við viðskipti bankans við Hafskip hf., en ákærðu áttu setu í bankaráði bankans.

Loks fjallar X. kafli ákærunnar um brot ákærða Inga Randvers í opinberu starfi sem endurskoðandi Útvegsbankans með því að vanrækja eftirlitsskyldu sína vegna viðskipta bankans við Hafskip hf. og fyrir að koma ekki á framfæri við stjórnendur bankans ábendingum um þær misfellur, sem honum hafi verið kunnar í þessum viðskiptum.

Í ákærunni frá 23. nóvember sl. er fjallað um sams konar sakargiftir og í IX. kafla ákærunnar frá 11. nóvember, að því er varðar ákærða Jóhann Sigurð, sem átti sæti í bankaráði bankans.

Hér að framan hefur verið getið í stórum dráttum um það, sem mál þetta fjallar um, en það er mjög umfangsmikið.

Málið var þingfest 17. apríl sl., en með bréfum dómsins, dagsettum 20. mars sl., voru ákærðu skipaðir verjendur í málinu. Jafnframt var þess óskað af hálfu dómsins, að borin yrðu undir dóminn þegar við þingfestingu málsins í formi rökstuddrar, skriflegrar kröfugerðar þau réttarfarsatriði, sem verjendur teldu getað varnað því, að dómur yrði ekki réttilega lagður á málið að efni til.

Í þinghaldinu voru lagðar fram sex kröfugerðir af hálfu verjenda fyrir ellefu af ákærðu um frávisun málsins o.fl.

Kröfu verjenda um, að málinu yrði vísað frá dóminum, var synjað með úrskurði dómsins, upp kveðnum 24. apríl sl., og hann staðfestur í Hæstarétti að niðurstöðu til 30. maí sl.

Í þinghaldi 25. september sl. var synjað kröfu um framlagningu á upplýsingaskýrslu ákærða Ragnars ásamt fylgiskjölum. Sú ákvörðun var staðfest í Hæstarétti 10. þ.m.

Í þinghaldi 13. þ.m. lögðu verjendur ákærðu Björgólfs, Ragnars, Páls Braga, Þórðar Hafsteins og Helga fram kröfur um frávisun málsins í heild eða að hluta, og fór fram málflutningur um kröfurnar í þinghaldi 17. þ.m., eins og áður greinir. Sérstakur ríkissaksóknari mótmælir kröfunum, þar sem frumrannsókn hafi nægt til útgáfu ákæru og vanhæfi fyrirverandi rannsóknarlögreglustjóra varði ekki ónýti fyrri rannsóknar, en þessar málsástæður eru í kröfunum.

Verjandi ákærða Björgólfs gerir í greinargerð sinni kröfu til þess, að ákærunni frá 11. nóvember 1988 verði vísað frá dómi og honum dæmd þóknun fyrir flutning málsins að mati dómsins. Rökstyður verjandi kröfu

sína með því, að málið hafi ekki sætt nægri rannsókn fyrir útgáfu ákæru, og vísar í því efni m.a. í greinargerð verjanda ákærða Ragnars, sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Verjandi ákærða Ragnars gerir í greinargerð sinni kröfu til þess, að málinu verði vísað frá dómnum, aðallega í heild, en til vara, að því er varðar ákæru á hendur ákærða Ragnari. Þá krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna í þessum þætti málsins. Verjandi rekur síðan ástæður fyrir kröfu sinni og segir, að rannsókn málsins sé stórlega ábótavant.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, heyrir það undir rannsóknarlögreglu að annast frumrannsókn opinberra mála. Markmið þeirrar rannsóknar sé að afla allra nauðsynlegra gagna, til að handhafa ákærvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað. Gagnaöflun sé verulega ábótavant og ófullkomin að ýmsu leyti. Samkvæmt því sé því haldið fram, að frumrannsókn sú, sem fram hefur farið í málinu, sé ekki viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar skv. 75. gr. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, og beri því að vísa málinu frá dómi. Þá sé meginhluti frumrannsóknar framkvæmdur undir stjórn vanhæfs raðsóknaarlögreglustjóra. Sé rannsóknin ónýtt af þeirri ástæðu og verði ekki á henni byggt. Frumrannsókn sé afar ófullkomin og fráleitt fullnægjandi til ákvörðunar um útgáfu ákæru.

Rekur verjandi í löngu máli rökstuðning sinn. Hann segir, að ekki hafi verið sinnt rannsóknarfyrirmælum í veigamiklum atriðum og ekki hafi verið orðið við kröfu ákærða Ragnars um rannsókn á mikilvægum þáttum málsins. Nauðsynlegra gagna hafi ekki verið aflað. Ákærða Ragnari hafi ekki verið gerður kostur á að tjá sig um mikilvæg ákæruatriði og ekki verið um þau spurður. Ákærða Ragnari hafi aldrei verið sýnd eða undir hann borin mikilvæg gögn, sem ákæran sé reist á, og mikilvæg vitni hafi ekki verið kölluð fyrir til skýrslugjafar.

Telur verjandi, að fjarri því fari, að frumrannsókn sé lokið. Bendir verjandi á hundrað atriði, sem nauðsynlegt hefði verið að kanna við frumrannsókn málsins, og mætti auðveldlega nefna fleiri. Telur verjandi það, að þessi atriði skuli ekki hafa verið rannsökuð fyrir útgáfu ákæru, svo alvarlegan galla á málalíbúnaði, að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá dómi til frekari rannsóknar.

Verjandi bendir á, að ákærði Ragnar hafi í upphafi komið fljótlega á framfæri óskum um, að ákveðin mikilvæg atriði yrðu rannsökuð, en bæði fyrri saksóknari og sérstakur ríkissaksóknari hafi þverskallast við og haft beiðnir ákærða Ragnars að engu.

Verjandi bendir enn á, að bókhald Hafskipa hf. hafi ekki verið endurskoðað til samanburðar 1981-1983 og þá hafi sérstakir, til kvaddir endur-

skoðendur sérstaks ríkissaksóknara ekki endurskoðað bókhald Hafskipa hf. fyrir það tímabil, sem þeir gefa umsögn um.

Verjandi ákærða Páls Braga gerir kröfu til þess, að ákærinni í málinu, að því er varðar skjólstæðing sinn, verði vísað frá dómnum. Þá krefst hann málsvarnarlauna úr ríkissjóði að mati dómsins. Visar verjandi í greinargerð sinni til þess, að gallar séu á frumrannsókn málsins, henni eigi að vera lokið fyrir útgáfu ákæru, og rannsóknargögn séu enn í molum. Visar verjandi í því efni í greinargerð verjanda ákærða Ragnars.

Verjandi segir kröfu sína um frávísun málsins reista á þeirri grundvallarreglu í opinberu réttarfari, að frumrannsókn þurfi að fullnægja tilteknum lágmarksskilyrðum, og megi rannsóknin ekki grundvallast á svo veikum grunni, að hún geti ekki talist „viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar“. Segir verjandi, að framhaldsmeðferð málsins eigi að vera framhald, en ekki frumrannsókn. Til þess sé ætlast í lögum um meðferð opinberra mála, að frumrannsókn mála sé lokið fyrir útgáfu ákæru. Í umfangsminni málum megi vafalítið oft bæta úr gallaðri frumrannsókn við meðferð máls fyrir dómi, en þetta mál sé svo umfangsmikið, svo mikið í húfi fyrir svo marga, að úr hinni hripleku frumrannsókn verði ekki bætt nema með nýrri frumrannsókn, svo að unnt verði að tryggja viðunandi réttaröryggi öllum þeim fjölmörgu, sem hlut eigi að málinu, bæði beint og óbeint, sbr. grundvallarreglu 115. gr. og 32. gr. laga um meðferð opinberra mála. Rannsóknargögn séu enn í molum, og leggja verði algerlega nýjan grundvöll að málinu með nýrri opinberri rannsókn, sem reist verði að óverulegu leyti á þeirri rannsókn, sem fyrir liggir. Fullyrðir verjandi, að öll veigamestu atriði ákæru málsins hvíli á þeim grunni, sem áður var lýst, og hann sé ekki viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru eða dómsmeðferðar í málinu samkvæmt ákvæðum áðurgreindrar lagareglu.

Verjandi ákærða Þórðar Hafsteins gerir þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómnum, að því er varðar ákæru á hendur skjólstæðingi sínum. Þá gerir hann kröfu um þóknun sér til handa. Segir verjandi, að frumrannsókn sú, sem liggir til grundvallar ákærinni í málinu, sé ekki viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar, sbr. 1. mgr. 115. gr. og 75. gr. laga um meðferð opinberra mála. Telur verjandi, að ekki hafi fengist rannsakaðar þrátt fyrir margitrekadur ábendingar, sérstaklega ákærða Ragnars, forsendur fyrir tilurð þeirra skjala, sem ákærði Þórður Hafsteinn er ákærður fyrir að hafa rangfært, en þær séu reistar á því, að tekjur og eignir séu rétt færðar og ársreikningar félagsins sýni í raun réttari mynd, þegar fjárhæðirnar eru teknar í ársreikninga, en ella. Sé ekki unnt að leggja dóm á „framferði“ ákærða Þórðar Hafsteins og raunar ekki heldur að ákæra á grundvelli þeirrar ófullkomnu rannsóknar, sem fram hafi farið.

Verjandi ákærða Helga krefst þess aðallega, að málinu verði vísað í heild

frá dóminum, en til vara krefst verjandi þess, að I. og III. kafla ákærunnar verði vísað frá dóminum. Þá gerir verjandi kröfu um málsvarnarlaun sér til handa í þessum þætti málsins. Rökstyður verjandi kröfur sínar með því, að frumrannsókn málsins hjá rannsóknarlögreglu sé ekki viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar, sbr. 1. mgr. 115. gr. og 75. gr. laga um meðferð opinberra mála, og að ákæran sé að langmestu leyti grundvölluð á rannsókn, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hafi framkvæmt undir stjórn fyrrverandi rannsóknarlögreglustjóra, sem hafi verið vanhæfur til að fara með frumrannsókn málsins vegna skyldleika við einn hinna ákærðu. Sé það rökstutt með því, að sú rannsókn, sem fór fram undir hans stjórn, sé að engu hafandi í málinu. Hljóti ákæru, sem reist sé að langmestu leyti á henni, að verða vísað frá dómi. Segir verjandi sömu ástæður fyrir kröfunni um frávísun og séu í greinargerð verjanda ákærða Ragnars, og vísi hann í rök og ástæður þær, sem þar koma fram.

Niðurstöður.

Ljóst er, að þær kröfur, sem gerðar eru um rannsókn og gagnaöflun fyrir útgáfu ákæru, eru mun minni en til sönnunar um sekt eða sýknu, enda í lögum um meðferð opinberra mála talað um frumrannsókn. Er ljóst, að gert er ráð fyrir ýtarlegri og vandaðri meðferð mála, áður en til þess kemur, að dómur verði kveðinn upp um sekt eða sýknu, sbr. 75. gr. laga nr. 74/1974.

Þegar meta skal, hvort fyrir liggja nægjanlega mikið til þess, að fært sé að taka ákvörðun um saksókn, er það mat ákæruvaldsins, sem þar kemur til. Oftast liggur ljóst fyrir, hvort mál sé á því stigi, að taka megi ákvörðun, en í vissum tilvikum er þetta matsatriði.

Gögn þau og skýrslur, sem frammi liggja í málinu, eru mikil að vöxtum, en umfangsmikil rannsókn hefur farið fram. Um það má hins vegar deila, hver gæði þeirrar rannsóknar séu og hvort næg rannsókn hafi verið gerð, þegar ákæru málsins voru gefnar út, en verjendur ákærðu, sem að frávísunarkröfunum standa að þessu sinni, halda því fram, að ekki hafi verið unnt að ákæra á grundvelli rannsóknarinnar vegna margvíslegra galla á henni.

Það er mat dómsins, að rannsókn málsins sé í mörgu ábótavant. Hefði mátt mun betur að henni standa og yfirheyra ákærðu og vitni ýtarlegar og markvissar. Þá hefði átt að afla frekari gagna. Þrátt fyrir þetta telur dómurinn, að næg rannsókn hafi farið fram, svo að ákæruvaldið gæti myndað sér skoðun um hugsanleg lögbrot og tekið ákvörðun um málshöfðun, en bæta má úr flestu því, sem ábótavant er talið við frumrannsóknina, við meðferð málsins fyrir dóminum, m.a. með því að fela Rannsóknarlögreglu ríkisins slíkt, sbr. 134. gr. og 4. mgr. 74. gr. laga nr. 74/1974.

Að því er varðar vanhæfi fyrrverandi rannsóknarlögreglustjóra, verður að telja, að endurmat sérstaks ríkissaksóknara á gögnum fyrri rannsóknar leiði til þess, að hún teljist eftir þá endurskoðun hluti hinnar nýju, sem fram fór vegna vanhæfis ríkissaksóknara til saksóknar í málinu, er hann höfðaði mál á hendur ákærðu Björgólfi, Ragnari, Páli Braga og Helga vegna starfa þeirra hjá Hafskipum hf. með ákæru, út gefinni 9. apríl 1987. Var vanhæfi ríkissaksóknara viðurkennt með dómi sakadóms 16. júlí 1987, sem staðfestur var í Hæstarétti 24. júlí 1987.

Með hliðsjón af því, sem nú var rakið, er synjað kröfum um, að máli þessu verði vísað frá dóminum í heild eða að hluta.

Þar sem dómurinn synjar fram komnum kröfum og gert er ráð fyrir áframhaldandi rekstri málsins, verður ekki dæmdur málskostnaður í þessum þætti þess.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum um, að máli þessu verði vísað frá dóminum í heild eða að hluta, er synjað.

Ekki verður dæmt um málskostnað í þessum þætti málsins.
